

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Bæjarlind 8-10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 28. nóvember 2006 tillögu að deiliskipulagi við Bæjarlind 8-10 ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 3. nóvember 2006.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 10 hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði ásamt tveggja hæða bílageymslu norðan við núverandi byggingar. Afmörkun lóðar breytist til vesturs og norðurs. Enn fremur er gert ráð fyrir inn- og útakstri að fyrirhuguðu bílageymsluhúsi frá nýrri hliðargötu samhliða Fífuhvammsvegi. Hliðargatan tengist Fífuhvammsvegi. Fyrirkomulag bílastæða breytist.

Á fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar 10. ágúst 2006 var skipulagsstjóra falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 21. ágúst 2006 til 18. september 2006 með athugasemdafresti til þriðjudagsins 2. október 2006. Athugasemdir bárust frá lóðarhafa Krossalindar 35, dags. 19. september 2006 og Sigurði Sigurðssyni f.h. AKTA ehf., ódagsett.

Á fundi skipulagsnefndar 3. október 2006 var erindið lagt fram að nýju ásamt áður nefndum athugasemdum. Erindinu var frestað og bæjarskipulagi Kópavogsbæjar falið að taka saman umsögn varðandi innsendar athugasemdir. Á fundi skipulagsnefndar 7. nóvember 2006 var erindið samþykkt ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 3. nóvember 2006 og tillögunni vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Á fundi bæjarráðs 23. nóvember 2006 var erindið og umsögn samþykkt og vísað til bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar dags. 28. nóvember 2006 var erindið ásamt ofangreindri umsögn samþykkt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 10. febrúar 2007.

Smári Smárason skipulagsstjóri.